

Mál nr. 4/2009
Stjarnan
gegn
HK/Ýmir

Kæra Stjórnunnar

Dómkröfur

Stjarnan fer fram á að vera dæmdur sigur í leiknum: 3-0

Málavextir

Í leik Stjórnunnar gegn HK/Ými, þann 02.06.2009, í 3.fl.ka. (Visa bikar) notaði HK leikmann sem var í leikbanni.

HK notaði leikmanninn: Hólmbert Friðjónsson kt: 190493-2299 í leiknum, en hann var í leikbanni. Sjá leikskýrslu, leikm. No: 10 hjá HK.

Leikbannið fékk hann vegna rauðs spjalds sem hann fékk í leik HK-Fram, þann 29.05.2009.

Tilvísun

Samkvæmt reglugerð KSÍ 40.gr.um knattspyrnumót segir:

Ólöglega skipað lið

40.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflakki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000.

Röksemdir

Þar sem HK stillti upp ólöglega skipuðu liði gegn Stjórnunni í ofangreindum leik, þann 02.06.2009, í 3.fl.ka. (Visa bikar).

Sönnunargögn

Sjá ljósrit af leikskýrslu, þar kemur fram að ofangreindur leikmaður lék í leiknum og skoraði mark.

Vitni

Nafn: Ásgeir Ólafsson

Sími: 866-6046

Kennitala: 101073-2979

Heimilisfang: Laxagata 2, 600 Akureyri

Virðingarfyllst,

Einar Einarsson, rekstrarstjóri knattspyrnudeildar Stjórnunnar.

Greinargerð HK

Ástæða þess að HK lék með ólöglegan leikmann gegn Stjórnunni í bikarkeppni KSÍ í 3. flokki karla þriðjudaginn 2. júní á Stjörnuvellingum. Leikmaðurinn sem um ræðir, Hólmbert Friðjónsson fékk rautt spjald í leik gegn Fram föstudeginum áður. Þennan þriðjudag fór hann af stað og var að kanna hvort hann væri í leikbanni. Hann fór inn á netið og skoðaði úrskurð aganefndar þennan þriðjudag og sá ekki nafn sitt þar. Það taldi hann eftir að hafa skoðað

reglur Knattspyrnusambandsins á netinu merki um það að hann væri ekki í leikbanni í þessum leik.

Honum tókst síðan að sannfæra þjálfara sinn um það að hann væri ekki í leikbanni og mætti því spila. Það tókst honum eftir nokkrar fortölur.

Eftirmálar þess eru þessi kæra á hendur HK. Niðurstaða KSÍ er eitthvað sem HK sættir sig við því við viljum fara eftir reglum Knattspyrnusambandsins. Þetta var óviljandi gert og refsingin að tapa leiknum er afskaplega þung fyrir drengina í 3. flokki en er eitthvað sem líklega er ekki umflúið.

Fh. knattspyrnudeildar HK

Magnús Orri Sæmundsson
Yfirþjálfari yngri flokka HK

Úrskurður frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2009, fimmtudaginn 18. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Kolbeini Árnasyni, Sigurður I. Halldórssyni og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 4/2009:
Ungmennafélagið Stjarnan, kt. 580589-1389
gegn
HK, knattspyrnudeild, kt. 630981-0269

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.
Kærandi:
Ungmennafélagið Stjarnan, kt. 580589-1389
Stjörnuheimilið við Ásgarð
210, Garðabæ
S:565-1940, fax: 565-1714
Fyrirsvarsmaður: Einar Einarsson

Kærði:
HK, knattspyrnudeild, kt. 630981-0269
Fagrilundur
200 Kópavogi
Fyrirsvarsmaður: Magnús Orri Sæmundsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 3. júní sl. Var kærða gefinn frestur í viku til að skila greinargerð. Greinargerð frá kærða barst innan frestsins þann 10. júní 2009.

Kröfur:

Ungmennafélagið Stjarnan krefst þess að úrslitum í leik Stjörnunna og HK sem fram fór á Stjörnuvelli, 2. júní síðastliðinn, verði breytt og Ungmennafélagi Stjörnunna verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi krefst þess að honum verði dæmdur 3-0 sigur í knattspyrnuleik liðanna sem fram fór á Stjörnuvelli 2. júní 2009 í 3.fl. karla í bikarkeppni KSÍ í knattspyrnu. Krafa kæranda byggist á því að leikmaður HK, Hólmert Friðjónsson kt. 190493-2299, hafi tekið þátt í umræddum leik þrátt fyrir að hafa verið í leikbanni og hafi þar af leiðandi verið ólöglegur í umræddum leik. Byggir kærandi á því að af þeim sökum hafi lið kærða verið ólöglega skipað í skilningi 40.1 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Því er ekki mótmælt af háflu forsvarsmanns kærða að umræddur leikmaður hafi fengið rautt spjald í leik HK gegn Fram í þriðja flokki karla þann 29. maí 2009. Kemur fram í máli fyrirvarsmann að umræddur leikmaður hafi ekki talið sig í leikbanni og um óviljaverk hafi verið að ræða. Í máli hans kemur jafnframt fram að kærði vilji fara að lögum KSÍ.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsatvik en því er ómótmælt að hálfu kærða að umræddur leikmaður hafi fengið rautt spjald í leik HK gegn Fram þann 29. maí 2009.

Samkvæmt grein 13.1.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál fer leikmaður sem vísað er af velli sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum á eftir. Gildir þá einu hvort um málið hafi verið fjallað á fundi aga- og úrskurðarnefndar. Þegar af þeim sökum er ljóst að umræddur leikmaður var í leikbanni þann 2. júní þegar leikur kæranda og kærða átti sér stað.

Með því, að sannað þykir að umræddur leikmaður var í leikbanni þann 2. júní 2009 þegar hann lék með liði kærða gegn kæranda, verður, með vísan til greinar 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og greinar 12.1.1. í starfsreglum Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, fallist á kröfu kæranda.

Samkvæmt framanrituðu telst Ungmennafélagið Stjarnan hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 20.000,- til KSÍ.

V.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Ungmennafélagið Stjarnan telst hafa unnið leik gegn HK í bikarkeppni KSÍ í 3. flokki karla sem fram fór 2. júní 2009 á Stjörnuvelli með markatölunni 3-0.

Kolbeinn Árnason

Sigurður I. Halldórsson

Pröstur Ríkharðsson